



Skilmálar um viðbótarlífeyrissparnað Landsbankans

Landsbankinn hf. | Nr. 1513-04 | Apríl 2026

1. Gildissvið

Skilmálar þessir gilda um samning um viðbótarlífeyrissparnað á milli viðskiptavinar og Landsbankans hf., kt. 471008-0280, (hér eftir Landsbankinn eða bankinn). Skilmálar þessir eru settir á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og teljast reglur í skilningi þeirra laga. Að öðru leyti gilda Almennir viðskiptaskilmálar Landsbankans sem aðgengilegir eru á vef bankans. Um skilmála þessa gilda íslensk lög, reglur og reglugerðir.

2. Greiðsla iðgjalds

Iðgjald, sem er samsett af eigin framlagi viðskiptavinar og mótramlagi launagreiðanda, er greitt mánaðarlega af launagreiðanda viðskiptavinar inn á greiðslureikning sem tilgreindur er í samningnum og á vef bankans. Greiðslur skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum frá undirritun samnings um viðbótarlífeyrissparnað. Iðgjaldgreiðslutímabil skal ekki vera lengra en mánuður. Gjaldldagi iðgjalda er tíundi dagur næsta mánaðar eftir launatímabil og eindagi er síðasti dagur þess mánaðar. Viðskiptavinur getur breytt eigin framlagi iðgjalds í appinu eða á l.is.

Bankinn annast innheimtu iðgjalds frá launagreiðanda, með eða án aðkomu utanaðkomandi lögmannna, komi til þess að launagreiðandi standi ekki í skilum á greiðslu iðgjalds/-a til bankans. Bankinn ber ekki ábyrgð á því að iðgjald berist frá launagreiðanda.

3. Ávöxtun iðgjalds

Landsbankinn ávaxtar iðgjald viðskiptavinar í samræmi við val hans á ávöxtunarleið. Upplýsingar um hvaða ávöxtunarleiðir eru í boði má finna á vef bankans. Flutningur eignar, t.d. vegna breytingar á ávöxtunarleið eða flutnings til annars viðurkennds vörsluaðila, getur verið háð sérstökum uppgjör- og/eða binditíma samkvæmt ávöxtunarleið.

Bankinn hefur heimild til að útvista stýringu eigna viðskiptavina til Landsbréfa hf., dótturfélags bankans.

4. Aðgæsluskylda viðskiptavinar við val á ávöxtunarleið

Viðskiptavinur ber ábyrgð á ákvörðunum sínum um val á ávöxtunarleið. Viðskiptavinur skal velja ávöxtunarleið sem hentar áhættuvilja sínum. Sveiflur geta verið í ávöxtun og ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

5. Yfirlit yfir stöðu eignar

Yfirlit yfir bæði stöðu eignar og hreyfingar eru birtar í appi og netbanka bankans undir lífeyrissparnaður. Einnig er hægt að nálgast yfirlit í rafrænum skjölum í appi og netbanka.

6. Útgreiðslur

Sótt er um útgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar á sjóðfélagavef sem er aðgengilegur á vef bankans. Hægt er að óska eftir aðstoð við umsókn um útgreiðslu með því að hafa samband við Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu í síma 410-4040 eða með því að senda tölvupóst á netfangið vl@landsbankinn.is. Greitt er út síðasta virka dag hvers mánaðar ef sótt er um fyrir 25. þess mánaðar. Útgreiðsla er háð skilyrðum laga og reglna og getur verið háð sérstökum uppgjör- og/eða binditíma eftir ávöxtunarleið.

Hefja má útgreiðslur á viðbótarlífeyrissparnaði tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds, við eftirfarandi aðstæður:

- Aldur.** Þegar viðskiptavinur hefur náð 60 ára aldri er heimilt að greiða eign út ásamt vöxtum, ef við á, í einu lagi eða dreifa greiðslum á lengra tímabil.
- Örorka.** Verði viðskiptavinur öryrki og örorkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá eign ásamt vöxtum greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Ef örorkuprósentu er lægri en 100% þá lengist úttektartími í hlutfalli við þá lækkun og árleg útgreiðsla einnig.

- Andlát.** Sé eign ekki að fullu greidd við andlát viðskiptavinar fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Kröfuhafar dánarbús hafa ekki heimild til að gera aðför í eign eða skerða hana á nokkurn hátt. Láti viðskiptavinur hins vegar ekki eftir sig börn eða maka skal eign renna til dánarbús hans og gildir þá framangreind takmörkun ekki.

Sé eign undir kr. 500.000 er heimilt að greiða hana út ásamt vöxtum í einu lagi, óski viðskiptavinar þess. Þessi viðmiðunarfjárhæð breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig í ágúst 1995. Viðmiðunarfjárhæð þessi var kr. 1.925.937, miðað við grunnvísitölu 668,3 stig í janúar 2026.

7. Útgreiðsla til erlendra ríkisborgara

Viðskiptavinur sem er erlendur ríkisborgari getur óskað eftir útgreiðslu á viðbótarlífeyrissparnaði. Heimilt er að greiða viðbótarlífeyrissparnað til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að. Óheimilt er að takmarka greiðsluna við tiltekinn hluta iðgjaldsins nema á tryggingafræðilega réttum forsendum.

8. Framsal

Viðskiptavini er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa eign ásamt vöxtum eða réttindum samkvæmt samningi um viðbótarlífeyrissparnað, nema með lögformlegu samkomulagi um skiptingu réttinda milli réttshafa og maka. Ekki verður gerð aðför að réttindum samkvæmt samningi um viðbótarlífeyrissparnað eða skilmálum þessum og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða þessi réttindi á nokkurn hátt.

9. Varðveisla iðgjalds

Bankinn varðveitir eign viðskiptavinar með tryggum hætti samkvæmt ákvörðun bankans. Ef um er að ræða varðveislu fjármálagerninga samþykkir viðskiptavinur að bankinn og undirvörsluaðilar bankans hafi heimild til að varðveita þá á safnreikningi. Í því felst að viðkomandi fjármálagerningar eru varðveittir á reikningi bankans, eða undirvörsluaðila bankans. Þegar fjármálagerningar eru varðveittir á safnreikningi heldur bankinn skrá yfir eignarhlut hvers viðskiptavinar.

10. Þóknun

Þóknanir vegna viðbótarlífeyrissparnaðar fara eftir verðskrá bankans, eins og hún er á hverjum tíma. Þóknanir ávöxtunarleiða reiknast daglega inn í gengi þeirra og eru greiddar sjálfkrafa. Bankinn hefur heimild til að skuldfæra greiðslureikninga viðskiptavinar vegna annarra gjalda tengdum viðbótarlífeyrissparnaði, s.s. vegna flutnings til annars vörsluaðila eða reglulegra útgreiðslna sparnaðar. Verðskrá er birt á vef bankans.

11. Skattaleg meðferð

Skattaleg meðferð lífeyrissparnaðar er í samræmi við gildandi skattalög á hverjum tíma.

12. Trúnaðarskylda og meðferð persónuupplýsinga

Bankinn og starfsfólk hans er bundið trúnaðarskyldu um allt það sem þau fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna í tengslum við samning um viðbótarlífeyrissparnað, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum eða úrskurði dómstóla. Trúnaðarskylda þessi helst þrátt fyrir að látið sé af störfum hjá bankanum.

Vinnsla persónuupplýsinga fer fram í samræmi við gildandi persónuverndarlög á hverjum tíma. Bankinn safnar og vinnur persónuupplýsingar um viðskiptavin til að geta veitt honum þjónustu samkvæmt samningi um viðbótarlífeyrissparnað. Nánari upplýsingar um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga eru í Persónuverndarstefnu Landsbankans sem gildir samhliða skilmálum þessum og er aðgengileg á vef bankans.

13. Meðferð ágreiningsmála og lögsaga

Verði ágreiningur milli aðila í tengslum við samning um viðbótarlífeyrissparnað og/eða skilmála þessa skulu aðilar leitast við að leysa þann ágreining með samkomulagi sín á milli. Heimilt er að leggja ágreining fyrir dómstóla og skal málið þá rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Um samning þennan gilda íslensk lög, reglur og reglugerðir.

14. Breyting á skilmálum

Bankanum er heimilt að breyta skilmálum þessum einhliða. Breytingar öðlast gildi þegar þær hafa verið staðfestar af ráðherra að fenginni umsögn opinbers eftirlitsaðila.